

# Foreldraráð Ársólar

**Efni:** Annar fundur fyrir skólaárið 2018-2019

**Dagsetning:** 7. janúar 2019 kl.15:30

**Staður:** Ársól

**Mættir:** Berglind Grétarsdóttir (BG), leikskólastjóri, Anna Kristín Guðmundsdóttir formaður, Anna María Eiríksdóttir ritari, Íris Krístrún Kristmundsdóttir meðstjórnandi og Mjöll Einarsdóttir meðstjórnandi

---

## **1. Hækkun á gjaldi foreldraráðs**

- Rætt hvort hækka eigi gjald foreldraráðs. BG skýrir frá því að gjaldið hafi verið óbreytt í nokkur ár og sé nú 300 kr. á mánuði per barn og er hluti af leikskólagjöldum. Lagt er til að hækka gjaldið í 400 kr. á mánuði frá og með 1. febrúar 2019 og í 500 kr. frá og með 1. september 2019.  
Tillaga einróma samþykkt.

## **2. Hvatt til útiveru**

- Foreldraráð hvetur til aukinnar útiveru í Ársól í ljósi þess hversu vel hafi viðrað það sem af er janúarmánuði. BG tekur vel í þá tillögu.

## **3. Sumarlokun**

- Rætt um hvenær væri best að hafa sumarlokun. BG leggur til að hafa sumarlokun frá og með hádegi 10. júlí 2019 til og með á hádegi 8. ágúst.  
Tillaga samþykkt af hálfu foreldraráðs.

Fundi slitið kl.16:00